

Með reglugerð þessari er fjallskilareglugerð fyrir Suður-Múlasýslu nr. 81 10. apríl 1936 úr gildi felld.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 384.

6. október 1977.

AUGLÝSING

um skipulag í Eyrarbakkaheppi í Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Eyrarbakkahepps í Árnassýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 6. október 1977.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 385.

10. október 1977.

AUGLÝSING

**um tímabundna breytingu á reglugerð um Grænmetisverslun
landbúnaðarins, mat og flokkun kartafna og græn-
metis nr. 162 28. september 1962.**

1. gr.

3. málsgrein 14. gr. orðist svo:

II. flokkur.

Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð landbúnaðarins ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlítandi. Íblöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. II. flokkur skiptist á eftirfarandi hátt:

Í flokkur A. Í þennan flokk koma kartöflur sem eru aðgreindar í tvo stærðar-flokka. Annarsvegar með notkun 30—50 mm. netsigtis og hinsvegar þar af stærri.

II. flokkur B. Í þennan flokk koma kartöflur sem ekki flokkast frá með notkun 28 mm. netsigtis, og er óheimilt að breyta þeirri stærðardreifingu sem þannig fæst með því, fyrir eða eftir flokkun, að bæta í eða taka úr einstaka stærðarflokka. Þó skal magn kartafna, sem flokkast myndi á 28—30 mm. netsigti, ekki fara yfir 17% af heild í þessum flokki. Fari magn kartafna af þessari stærð yfir 17%, flokkast þær sem þriðji flokkur.

Kartöflur í II. flokki mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar séu undir 5%.

2. gr.

Reglugerðarbreytingin skal gilda fyrir uppskeru á íslenskum kartöflum haustið 1977, nema annað verði ákveðið og öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið 10. október 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

25. október 1977.

Nr. 386.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Eyrarbakkavegar frá Þorlákshafnarvegi að brúarstæði Ölfusár í Óseyrarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 6. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Eyrarbakkavegar frá Þorlákshafnarvegi að brúarstæði Ölfusár í Óseyrarnesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ölfushrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. október 1977.

Nr. 387.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Eyrarbakkavegar frá tengivegi að Litla-Hrauni að brúarstæði Ölfusár í Óseyrarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 6. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Eyrarbakkavegar frá tengivegi að Litla-Hrauni og að brúarstæði Ölfusár í Óseyrarnesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.